

Kristin Jóns

Frambjóðendur í Kvennaframboði. Útilega 2.-3. apríl 1982.

---

Dagskrá.:

---

- Kl. 14:00      Þáttakendum skipt í fjóra hópa, sem ræða verkefnin framundan.  
Hópstjórar: Guðrún Jónsdóttir, Lára V. Júliusdóttir
- kl. 16:00      Niðurstöður hópumræðna
- kl. 16:30      Kaffi
- kl. 17:00      "Hvað er þetta kvennaframboð"?  
Umræður um spurningar, sem þáttakendur í kvennaframboði þurfa að svara.  
Þáttakendum skipt í þrjá hópa, sem ræða spurningarnar.  
Hópstjórar:
- kl. 18:30      Niðurstöður hópumræðna.

---

Dagskráin og allar tímasetningar eru að sjálfssögðu háðar samþykki þáttakenda og sveigjanlegar eftir þörfum.

Verkefnin framundan:

Spurningar sem hóparnir þurfa að svara.

1. Hópur.

Hvernig á kosningabaráttan að vera. Hvað skal gera?

Innlegg í umræðuna:

Nauðsynlegt að kynna Kvennaframboð á sem breiðustum grundvelli.

Gera plakat til að skilja eftir á vinnustöðum, eftir að konur hafa komið þangað í heimsókn til kynningar. Á plakatinu á að vera auglýsing um hverfafundi og aðra fundi og nokkur atriði úr stefnuskránni.

Nota úrdráttinn úr stefnuskránni sem gerður var fyrir blaðamannafundinn til dreifingar með því að fjölríta hann.

Selja merkið á a.m.k. 15. kr. þegar nýja upplagið kemur.

Hafa yfirbragð á 1. maí göngunni eins markvisst og traustvekjandi og hægt er.

Uppákomur í kosningabaráttunni. Sellufundur með frambjóðendum annarra flokka.

2. hópur.

Hvernig skal háttað verkaskiptingu í kosningabaráttunni almennt?

3. hópur.

Hvernig skal háttað starfinu eftir kosningar?

Innlegg í umræðuna:

Sjá tillögur uppstillingarnefndar sem útgangspunkt.

4. hópur.

Hvernig á blaðaútgáfu að vera háttað?

Innlegg í umræðuna:

Gagnrýni á útkomið blað, notkun kvenlíkama í auglýsingum á 3 stöðum, ljóðið móðir vor stuðar trúða, einlitt efni.

A að gefa út fleiri blöð?

Dreifa blaðinu ókeypis á vinnustöðum og fundum, þegar salan á því er dottin niður.

Þurfum að skipuleggja skrif í önnur blöð fram að kosningum.

"Hvað er þetta Kvennaframboð?"

Spurningar sem frambjóðendur í Kvennaframboði þurfa að svara:

1. hópur. Starfið eftir kosningar.

Hvernig ætlum við að vinna málum okkar framgang í borgarstjórn eftir kosningar?

Ætlum við að bindast samstarfi við einhvern eða einhverja flokkanna?

Hvernig ætlum við að ábyrgjast að kona starfi ekki hver með sínum flokki eftir kosningar?

Hvernig birtast "vinstri" og "hægri" sjónarmið frambjóðenda í samstarfi við "vinstri" og "hægri" mál sem upp koma. Styðja þá hægri konur hægri flokkana og öfugt?

Hvernig ætlum við að starfa innbyrðis eftir kosningar?

Verða félagsfundir með í ákvarðanatöku næsta vetur?

Hvert er valdssvið þeirra sem komast í borgarstjórn, og þá gagnvart "skuggaráðuneytinu"?

2. hópur. Framboðið sem slikt.

Hvers vegna eru engir karlmenn á lista?

Hvernig getur "þverpólítískur" listi boðið sig fram?

Eiga allar konur það mikið sameiginlegt að hægt sé að bjóða fram kvennalistu?

Af hverju eru flokkarnir ekki valkostur kvenna?

Hver er raunverulegur munur á okkur og t.d. konunum í Alþýðu-bandalaginu?

A ihaldið að vinna kosningarnar í vor vegna Kvennaframboðsins?

Ætlum við að fella vinstri meirihlutánn í vor?

Ætlum við að fella aðrar konur sem eru í baráttusætum flokkanna?

Erum við að vinna gegn konum?

Hvað með allar húsmæðurnar, hvar eru þær?

Hvar eru verkakonurnar?

Er kvennaframboðið óánægjuframboð vinstri kvenna?

Hafa konur ekki náð tilgangi sínum með prófkjörunum, þar sem konur hafa náð fra, þarfum við að bjóða fram?

*Hvað er oldas fjöldshylðupolitik  
Höfum við lengi sögnun græffir og hinni flokkarni að  
búa til bara löfurdalista*

### 3. hópur. Stefnumskrá Kvennaframboðsins.

Af hverju eru bara félagsmál í brennidepli? Hvað með hin málín?

Hvaða tillögur höfum við um verkefni/aðgerðir í fyrirbyggjandi augnamiði vegna ofnotkunar vímuefnar? Hvers vegna eru ekki svona tillögur í stefnumskránni sjálfri?

Hvers vegna er ekki mótuð stefna í æskulýðsmálum?

Hver er okkar lausn á húsnæðisvandanum?

Hvaðan eiga peningarnir að koma?

Hefur verið athugað að auka tekjur borgarinnar svo hægt sé að fjármagna nýjungar?

Hvernig höfum við hugsað okkur að auka atvinnumöguleika borgarbúa og mæta aukningu á vinnumarkaði næstu ár?

Hver er afstaða Kvennaframboðsins til atvinnureksturs borgarinnar í samkeppni við einkaresktur, t. d. í útgerðarmálum (BÚR)?

*Málum um samræmt ferli og röru samrunu um hr.*

Hver er afstaða kvennaframboðsins til opnunartíma verslana í Reykjavík?

*Atrinnu lyðræði*

#### Fyrirspurn:

Hverjar eru nefndir borgarinnar, og hvernig skipta flokkarnir með sér verkum í þeim?

*Fjölskyldulýðræði*

*Vinnu gegn þeiri þróun að einangra alda hópar  
s.s bönn umganganar gamalt jölk  
þerjast gegn þessari einangrismarkmiði  
Setjum mannlæga þáttum ofar ólli ófær  
Lerum mun að framleiðasmarkmiði og algertum  
til reyna að bæta tilgangið ástand.*